

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 80,59 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

- a) Fyrir mæla til og með ½"-1" kr. 830,55
- b) Fyrir mæla 1¼"-2" kr. 1 659,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, samkvæmt mæla-álestri eða áætlun.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það kr. 507,15.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimðagjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðargjald	
Allt að 500 m ³	kr. 65 313,00	+ 129,36 kr/m ³
500–2 000 m ³	kr. 128 353,00	fyrir 500m ³ + 86,42 kr/m ³ þar yfir
2 000–6 000 m ³	kr. 258 770,00	fyrir 2 000m ³ + 64,68 kr/m ³ þar yfir
Meira en 6 000 m ³	kr. 517 541,00	fyrir 6 000m ³ + 49,88 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 10 249,00
í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðar-ráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur kr. 924,00
hverju sinni.

Þó ekki komi til stöðvunar orkuafhendingar, er hitaveitunni heimilt að krefja notandann um innheimtugjald vegna undirbúnings að stöðvun og innheimtuaðgerða kr. 478,80.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1991. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 104, 26. febrúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1991.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Jón Ingimarsson.